

**Markmið og ábyrgð**

Umhverfis- og sjálfbærnistefna Rafal tekur til allra starfsmanna og starfsemi fyrirtækisins. Forstjóri ber ábyrgð á gerð, viðhaldi og kynningu stefnuskjala Rafal.

Rafal vill hafa sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllum aðgerðum, starfsemi fyrirtækisins skal ekki skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Ætíð skal leitað leiða við að bæta umhverfisstjórnun fyrirtækisins og stuðla þannig að stöðugum umbótum.

Starfsemi fyrirtækisins felur meðal annars í sér notkun auðlinda sem skortur gæti orðið á, fer fram að hluta til í viðkvæmri náttúru og felur í sér notkun efna sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið, sé meðhöndlun þeirra ekki í samræmi við bestu venjur. Starfsemin getur einnig falið í sér tækifæri til minnkunar kolefnisfótspor viðskiptavina með endurnýtingu, rafrænum lausum, bætingu rafmagnsgæða og öðrum þáttum sem minnkað geta kolefnislosun þeirra og bætt nýtingu auðlinda og tækja. Möguleg áhrif fyrirtækisins við minnkun kolefnislosunar eru því mikil og skal umgangast af virðingu.

Lágmarka skal notkun auðlinda í allri starfsemi, endurnýta það sem hægt er að endurnýta og leiðbeina viðskiptavinum okkar og starfsmönnum um leiðir til umhverfisvænna starfshátta. Við þróun starfsemi fyrirtækisins verður lögð áhersla á val verkefna sem stuðlað geta að aukinni sjálfbærni.

Velja skal umhverfisvænni valkosti eins og mögulegt er á hverjum tíma, hvort sem um er að ræða val hráefna, tækja og verkfæra eða vinnuaðferða.

Meðhöndlun efna skal vera í samræmi við bestu leiðir á hverjum tíma og öllum lögum og reglum skal ætíð fylgt. Öll umhverfisatvik skal skrá í frávíkakerfi Rafal.

Starfsemi Rafal vill vera partur af þeim lausunum sem verða til minnkunar kolefnislosunar og verndun umhverfisins.

Rafrænt eintak rekstrarhandbókar er gild útgáfa af skjalinu